

Ársreikningur 2020

A-deild LSR

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11

105 Reykjavík

550197-3409

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2-7
Áritun óháðs endurskoðanda.....	8-11
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	10
Efnahagsreikningur.....	11
Sjóðstreymi.....	12
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu.....	15
Skýringar.....	16-37
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	38
Viðauki I - Deildaskipt yfirlit LSR.....	39-42

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi sjóðsins

A-deild LSR starfar samkvæmt lögum nr. 1/1997 um LSR, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda. Stjórnin hefur einnig samþykkt margvíslegar reglur sem gilda um starfsemi sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er:

- Að greiða sjóðfélögum lífeyri.
- Að tryggja sjóðfélaga fyrir tekjumissi í kjölfar örorku og stuðla að fjárhagslegu öryggi maka og barna við andlát sjóðfélaga.
- Að taka við iðgjöldum og varðveita upplýsingar um réttindi sjóðfélaga.
- Að ávaxta fjármuni sjóðsins með sem bestum hætti með hliðsjón af fjárfestingarstefnu að teknu tilliti til áhættu.

LSR er starfræktur í þremur deildum og er hver deild með aðskilinn fjárhag. Deildir sjóðsins eru: A-deild, B-deild og Séreign LSR. Deildaskipt yfirlit LSR er að finna í viðauka I.

Covid-19 heimsfaraldurinn hafði þó nokkur áhrif á starfsemi LSR á árinu 2020. Eftir að smit vegna faraldursins greindust hér á landi settu starfsmenn sjóðsins upp viðbragðsáætlun sem miðaði að því að halda starfsemi sjóðsins gangandi og tryggja eins góða þjónustu við sjóðfélaga og unnt var miðað við aðstæður hverju sinni. Húsnæði sjóðsins var meðal annars skipt upp í sóttvarnarhólf með það að markmiði að vernda starfsmenn og tryggja að risk á starfseminni yrði sem minnst ef upp kæmi smit. Vegna samkomutakmarkana þurfti að loka afgreiðslu LSR hluta úr árinu og starfsmenn unnu að heiman í gegnum fjarbúnað. Þrátt fyrir þetta tókst að halda starfsemi sjóðsins gangandi, greiða út lífeyri á réttum tíma og veita þá þjónustu sem leitað var eftir. Starfsfólk LSR sýndi mikla aðlögunarhæfni og þrautseigju við krefjandi aðstæður og eiga sérstakt hrós skilið fyrir það.

Eignir og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 861.771 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 729.491 m.kr. árið áður. Aukning eigna nam 132.281 m.kr. milli ára.

Nafnávöxtun ársins 2020 var 14,6% sem samsvarar 10,8% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þegar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum var 10,6%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára er 6,4%, síðustu 10 ára 6,2% og frá stofnun sjóðsins árið 1997 hefur meðaltalið verið 4,1%.

Iðgjaldagreiðslur og fjöldi sjóðfélaga

Á árinu 2020 námu lögbundin iðgjöld 35.467 m.kr. samanborið við 32.515 m.kr. árið áður. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem greiða iðgjöld til sjóðsins að meðaltali í hverjum mánuði, voru 28.330 á árinu 2020 samanborið við 27.330 á árinu 2019. Í árslok 2020 áttu 71.469 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Lífeyrisgreiðslur og fjöldi lífeyrisþega

Á árinu 2020 námu greiðslur til lífeyrisþega 10.829 m.kr. samanborið við 8.991 m.kr. árið áður. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 9.172 á árinu 2020 samanborið við 8.140 á árinu 2019.

Fjárfestingartekjur og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Hreinar fjárfestingartekjur námu 108.392 m.kr. samanborið við 99.562 m.kr. árið áður. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sjóðsins nam 831 m.kr. samanborið við 728 m.kr. árið áður. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 0,10% á árinu 2020 en var 0,11% árið áður. Stöðugildi hjá LSR voru 54 á árinu 2020 og hlutdeild A-deildar var 31,7 stöðugildi. Hlutdeild A-deildar í launakostnaði LSR nam 376 m.kr. af heildarfjárhæð launa og 100 m.kr. af launatengdum gjöldum. Sjá nánari upplýsingar í skýringu 6.

Sjóðfélagalán

Lán til sjóðfélaga námu alls 21.749 m.kr. á árinu 2020 samanborið við 31.563 m.kr. árið áður. Uppgreiðslur námu 27.800 m.kr. á árinu 2020 og voru nettó útlán því neikvæð um 6.051 m.kr. Fjöldi nýrra útlána var 1.101 á árinu 2020. Í lok ársins voru eftirstöðvar sjóðfélagalána 100.733 m.kr. og fjöldi sjóðfélaga á bak við þau lán var 6.843.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Tryggingafræðileg úttekt og staða lífeyrisaukasjóðs

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2020 sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 0,2% samanborið við 2,9% neikvæða stöðu í árslok 2019. Staða sjóðsins batnar mikið milli ára vegna góðrar ávöxtunar.

Í forsendum tryggingafræðilegrar úttektar er miðað við að ávöxtun eigna sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Staða sjóðsins er reiknuð út frá sértækum líkum varðandi dánarlíkur og örorku. Sértækar líkur eru reiknaðar út frá öllum sjóðfélögum sem eiga réttindi hjá LSR, þ.e. bæði þeim sem eiga réttindi í A-deild og B-deild sjóðsins. Tryggingafræðilegar forsendur eru óbreyttar á milli ára. Nánari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu má sjá í sérstöku yfirliti og í skýringu 14.

Í stað þess að forsendur tryggingafræðilegrar úttektar miði við lífslíkur í fortíð stendur til að miða þær við spá um lífslíkur í framtíðinni. Spá um lífslíkur gerir ráð fyrir lengri lífaldri en núverandi forsendur gera ráð fyrir. Samkvæmt því væri gert ráð fyrir að sjóðfélagar fái lífeyrisgreiðslur í lengri tíma en áður var miðað við. Slík breyting á forsendum myndi hafa í för með sér neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins en ekki liggur fyrir útreikningur á hver áhrifin nákvæmlega yrðu. Óvissa er um hvenær breyttar forsendur myndu taka gildi en það gæti gerst frá og með næstu áramótum.

Stjórnarhættir

LSR leggur áherslu á góða stjórnarhætti. Í stefnuyfirlýsingu sjóðsins segir: LSR tileinkar sér ábyrga starfshætti, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Sjóðurinn leggur áherslu á fyrirmyndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni. Þannig verður LSR traustur lífeyrissjóður og sjóðfélögum örugg samfylgd.

Stjórn sjóðsins er skipuð átta einstaklingum. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM einn og stjórn KÍ einn. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög um lífeyrissjóði, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans, gengur frá starfslýsingu hans og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og er hún skipuð til eins árs í senn. Hún starfar í samræmi við IX. kafla laga um ársreikninga nr. 3/2006. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, tilhögun innra eftirlits og aðferðum við áhættumat í því skyni að auka trúverðugleika í starfsemi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt stjórnarháttayfirlýsingu og er henni ætlað að styðja við góða og ábyrga stjórnarhætti. Með góðum stjórnarháttum í starfsemi LSR er lagður grunnur að traustum samskiptum stjórnenda og starfsmanna sjóðsins við sjóðfélaga, launagreiðendur og ábyrgðaraðila sjóðsins. Með góðum stjórnarháttum er stuðlað að gagnsæi í starfsemi sjóðsins. Við mótun stjórnarháttanna hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins litið til og haft til hliðsjónar almenn viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórn sjóðsins hefur jafnframt sett sér starfsreglur. Í starfsreglunum er fjallað um starfsemi, skipan og verksvið stjórnar. Í starfsreglunum er m.a. litið til samþykktar sjóðsins og laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sérstaklega er litið til þeirra ákvæða er lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða og hæfi. Stjórnarháttayfirlýsingin og starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vef sjóðsins ásamt fleiri innri reglum sem sjóðurinn hefur sett sér.

Hér á næstu síðu er að finna yfirlit yfir löggjöf, stjórnvaldsreglur, leiðbeinandi tilmæli FME ásamt reglum og stefnum sem LSR hefur sett sér. Listinn er til upplýsinga og er ekki tæmandi. Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur opinberra aðila sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða er m.a. að finna á vef FME.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lög frá Alþingi:

- Lög nr. 1/1997 um LSR.
- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Reglugerðir:

- Reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarverndar.
- Reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar, með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Reglur og leiðbeiningar FME:

- Reglur nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða.
- Reglur nr. 180/2013 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða.
- Reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Stefnur sem LSR hefur sett sér:

- Áhættustefna.
- Fjárfestingarstefna.
- Hluthafastefna.
- Stefna um ábyrgar fjárfestingar.
- Gæðastefna.
- Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun.
- Persónuverndaryfirlýsing.
- Skjala - og upplýsingastefna.
- Starfskjarastefna.
- Starfsmannastefna.
- Upplýsingaöryggisstefna.
- Útvistunarstefna.
- Þjónustustefna.

Reglur í starfsemi LSR:

- Reglur um hlutverk stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna við ávöxtun eigna sjóðsins.
- Reglur um lán lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
- Reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um rekstur.
- Samþykktir sjóðsins.
- Siða- og samskiptareglur.
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar.
- Starfsreglur stjórnar.
- Stjórnarháttayfirlýsing.
- Verklagsreglur um verðbréfiðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna.
- Stefna LSR og reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Áhættustýring

Áhættustýring sjóðsins byggir á framangreindri reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Markmið áhættustefnu sjóðsins er að auka öryggi í starfsemi hans með því að greina, fylgjast með og takmarka áhættu í rekstri sjóðsins. Áhættan nær bæði til atvika sem lúta að eignum og skuldbindingum sjóðsins sem og rekstrarlegum þáttum. Nánari umfjöllun um áhættuþætti sem hafa verið skilgreindir í starfsemi sjóðsins, áhættustýringu og áhættustefnu má sjá í skýringu 17.

Áhættustefnan er eitt af lykilverkfærum stjórnar við að uppfylla skyldur sínar gagnvart sjóðnum. Henni er beitt samhliða fjárfestingarstefnu sjóðsins og stuðlar hún að því að lífeyrissjóðurinn nái settum markmiðum með ásættanlegri áhættu í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum.

Eitt af verkefnum stjórnar er að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla. Allir helstu ferlar í starfseminni hafa verið skjalfestir og hlutverk skilgreind. Lögð er áhersla á að greina helstu áhættuþætti og hefur sjóðurinn innleitt virkt eftirlit til að draga úr áhættu í starfsemi sjóðsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

LSR telst eining tengd almannahagsmunum skv. lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Meginhlutverk lífeyrissjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Um lífeyrissjóðinn, uppbyggingu og hlutverk gilda sérstök lög, lög nr. 1/1997, en auk framangreindra sérlaga um lífeyrissjóðinn gilda almenn lög um lífeyrissjóði nr. 129/1997.

LSR skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að taka við og ávaxta iðgjöld og greiða lífeyri. LSR hefur sett sér starfsreglur sem stjórn starfar eftir. Er þar m.a. kveðið á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu ekki taka sæti í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins eða sitja í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Það sama á við um starfsmenn sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins geta þó tekið sæti í stjórnnum, fjárfestingarráðum og ráðgjafarráðum fyrirtækja sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins eða fyrirtækjum, sem sjóðurinn á hlut í, og hafa eingöngu fjárvörslu og fjármálaumsýslu að markmiði. Í starfsreglunum er kveðið á um að stjórnarmenn megi ekki gera ráðstafanir sem eru til þess að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

LSR hefur einnig sett sér siða- og samskiptareglur sem gilda fyrir stjórnarmenn og starfsmenn. Umsjón fjármuna og eignastýring felur í sér samskipti við aðila á fjármálamarkaði og útgefendur fjármálagerna. Með reglunum er lögð áhersla á að starfsmenn sjóðsins byggi samskipti við aðila á fjármálamarkaði og útgefendur fjármálagerna á almennum grunnreglum sem tryggja gott viðskiptasiðferði á sama tíma og hagsmunir sjóðfélaga séu hafðir að leiðarljósi. Til viðbótar við framangreindar reglur hefur sjóðurinn sett sér reglur sem gilda um verðbréfavíðskipti stjórnarmanna og starfsmanna. Í reglunum er m.a. kveðið á um að stjórnarmenn og starfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef aðstæður eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni í efa. Reglurnar kveða jafnframt á að þeim starfsmönnum og stjórnarmönnum sem búa yfir eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum sé óheimilt að nýta sér upplýsingarnar á nokkurn hátt eða láta þriðja aðila upplýsingarnar í té. Í reglunum er m.a. lögð sérstök skylda á þá starfsmenn sem koma að starfsemi sem getur valdið hagsmunaárekstrum eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum að tilkynna um verðbréfavíðskipti sín. Haldin er sérstök skrá um verðbréfavíðskiptin.

Framangreindum reglum, þ.e. starfsreglum stjórnar, siða- og samskiptareglum og reglum um verðbréfavíðskipti stjórnarmanna og starfsmanna er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi lífeyrissjóðsins og vera vakandi fyrir öllum tengslum sem geta leitt til þeirra.

Sjóðurinn vinnur samkvæmt eigin jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun og starfar í samræmi við lög um jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Hjá sjóðnum er í gangi vinna vegna jafnlaunavottunar og stefnt að því að sjóðurinn fái formlega vottun á árinu 2021.

Sérstök starfsmannastefna gildir innan sjóðsins. Starfsmannastefnunni er m.a. ætlað að vera hvatning jafnt fyrir starfsmenn og stjórnendur til þess að skapa faglegt, krefjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.

Efn af þeim skyldum sem hvílir á LSR er að setja sér siðferðileg viðmið í fjárfestingum og hefur LSR sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat, ákvörðun og eftirfylgni fjárfestinga LSR. Umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir eru hluti af heildaráhættumati sjóðsins við fjárfestingarákvarðanir og eftirfylgni þeirra þar sem þessir þættir geta haft áhrif á ávöxtun og áhættu til lengri tíma. LSR leitast við að þau félög sem fjárfest er í séu sjálfbær í rekstri og stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

LSR hvetur þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í til að starfa með ábyrgum hætti út frá umhverfissjónarmiðum og í samræmi við samfélagsleg gildi og viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Jafnframt hvetur LSR til þess að fyrirtæki hugi að umhverfismálum t.d. með því að setja sér umhverfisstefnu og sýni aukið gegnsæi með því að skýra frá umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum t.d. í ársskýrslu, samfélagskýrslu eða á sambærilegan máta. Að fyrirtæki sýni fram á hvernig starfsemi þeirra tengist almennt viðurkenndum viðmiðum á þessu sviði svo sem Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, ESG viðmiðum kauphallarinnar og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Framangreint á jafnframt við um rekstrarfélög fyrir hönd þeirra sjóða sem þau starfrækja, verðbréfa- og fjárfestingarsjóði sem og útgefendur annarra fjármálagerninga.

Hvað innlendar fjárfestingar í skráðum fjármálagerningum varðar er LSR að láta meta félög og útgefendur skuldabréfa í eignasafni sjóðsins sem skráð eru í kauphöllinni á Íslandi með hliðsjón af umhverfisáhættu, félagslegri áhættu og áhættu tengdri stjórnarháttum. Þegar um innlendar fjárfestingar er að ræða skal framkvæmdastjóri LSR jafnframt kynna stefnu um ábyrgar fjárfestingar fyrir þeim einstaklingum sem fyrirhugað er að gera tillögu um til stjórnarsetu til að ganga úr skugga um hvort þeir telji sig geta starfað í anda stefnunnar. Þegar um fjárfestingar í gegnum þriðja aðila er að ræða leggur LSR áherslu á að innlendir og erlendir samstarfsaðilar hafi sett sér virka stefnu í umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum og geti sýnt með greinargóðum hætti hvort og hvernig sé unnið eftir þeirri stefnu við mat og eftirfylgni fjárfestinga. LSR leggur jafnframt áherslu á að tekið sé tillit til framangreindra þátta og samfélagsáhættu í rekstri óskráðra fyrirtækja og sjóða.

LSR hefur um árábil verið aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (United Nations Principles for Responsible Investment) og þar með hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að horfa til framangreindra þátta við mat og ákvarðanir á fjárfestingum. Í tengslum við aðild sína að framangreindum reglum Sameinuðu þjóðanna þarf sjóðurinn einnig að gera ítarlega grein fyrir fjárfestingarákvörðunum sínum og eftirfylgni þeirra á hverju ári og hvernig þær samræmast reglunum. LSR er meðal stofnaðila að IcelandSIF en tilgangur þeirra samtaka er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðarfræði sjálfbærra og ábygrra fjárfestinga og auka umræðu um þær.

Í samræmi við hluthafastefnu LSR birtir LSR upplýsingar á vefsíðu sjóðsins um hvernig fulltrúar sjóðsins hafa greitt atkvæði í stjórnarkjöri í hverju félagi fyrir sig. Upplýsingar um meðferð LSR á atkvæðisrétti á hluthafafundum eru jafnframt birtar reglulega á vefsíðu sjóðsins.

Framtíðarhorfur og atburðir eftir lok reikningsárs

Á komandi árum mun lífeyrissjóðurinn hafa áfram að höfuðmarkmiði að ávaxta eignir innan ramma laga og fjárfestingarstefnu sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga. Lífeyrisgreiðslur voru tæplega þriðjungur af iðgjöldum sem greidd voru til sjóðsins á árinu 2020. Innflæði í sjóðinn er því mikið og má segja að hann sé í uppbyggingarfasa.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins miðað við árslok 2020 er vel innan skilgreindra marka og er hann fær um að standa við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðfélögum í framtíðinni.

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok uppgjörstímabilsins sem þarfnast leiðréttingar eða skýringar í ársreikningnum eða meðfylgjandi skýringum.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar komi fram í ársreikningnum, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun. Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins staðfesta ársreikninginn með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík 14. apríl 2021

Í stjórn LSR

Árni Stefán Jónsson, formaður stjórnar

Guðrún Ögmundsdóttir, varaformaður stjórnar

Áslaug María Friðriksdóttir

Guðmundur Árnason

Ragnar Þór Pétursson

Unnur Pétursdóttir

Viðar Helgason

Þórveig Þormóðsdóttir

Framkvæmdastjóri

Harpa Jónsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning þann 31. desember 2020, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar á ársreikningnum er í samræmi við innihald endurskoðunarskýrslu sem við höfum afhent endurskoðunarnefnd sjóðsins í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Eftir okkar bestu vitund, þá höfum við ekki veitt lífeyrissjóðnum neina óheimila þjónustu sem endurskoðendur lífeyrissjóðsins samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í grein 5(1) í reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Ráðning endurskoðanda

Ráðningarsamband milli okkar og ríkisendurskoðanda um endurskoðun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins var undirritað 2. nóvember 2018 fyrir árið 2018 og höfum við endurskoðað ársreikning lífeyrissjóðsins á hverju ári síðan.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2020. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Við höfum uppfyllt skyldur okkar eins og þær eru tilgreindar í kaflanum „ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins“ hér að neðan, sem og í tengslum við lykilatriði í endurskoðun. Endurskoðunin fól í sér hönnun og framkvæmd á endurskoðunaraðgerðum til að bregðast við mati okkar á verulegri áhættu í ársreikningnum. Niðurstaða endurskoðunaraðgerða okkar, þar á meðal þær aðgerðir sem útlistaðar eru hér að neðan, mynda grunn okkar að áritun á ársreikning sjóðsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Mat á óskráðum fjárfestingum

Verðmæti óskráðra fjárfestinga og skráðra fjárfestinga þar sem gangvirði byggir ekki á verði á virkum markaði nam 68.229 m.kr. eða um 8% af heildareignum þann 31. desember 2020 (48.873 m.kr. þann 31. desember 2019). Þessar eignir eru flokkaðar í gangvirðisþrepi 2 og 3 í skýringum í ársreikningi.

Á meðal ofangreindra fjárfestinga eru óskráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, framtakssjóðir (sjóðir um sameiginlega fjárfestingu), óskráð skuldabréf og skráð skuldabréf þar sem gangvirði byggir ekki á verði á virkum markaði. Verðmæti þessara fjárfestinga er háð mati stjórnenda, þeim forsendum sem eru notaðar og vali á útreikningsaðferð eða líkani og getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu matsins.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á ávöxtunarkröfu óskráðra hlutabréfa
- Mat á framtíðargreiðsluflæði
- Mat á grunnkröfu skuldabréfa
- Mat á skuldaálagi

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á óskráðum fjárfestingum vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

Viðbrögð endurskoðanda

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði:

- Ferli við fjárfestingar og mat var yfirfarið.
- Fyrir áhættumiðað úrtak var lagt mat á aðferðafræði og forsendur óskráðra hlutabréfa, hlutdeildarskírteina og framtakssjóða og kallað var eftir stuðningsgögnum að baki verðmati.
- Fyrir áhættumiðað úrtak skuldabréfa var lagt mat á aðferðafræði og forsendur eins og grunnkröfur, skuldaálag og mótaðilaáhættu.
- Farið var yfir flokkun óskráðra fjárfestinga í þrepaskiptingu gangvirðis.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar í skýringum 2.3, 2.8, 7 - 9 og 16.

Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins nam 1.215.002 m.kr. þann 31. desember 2020 (1.099.084 m.kr. þann 31. desember 2019). Tryggingafræðileg staða þann 31. desember 2020 nam -0,2% þar sem skuldbindingar voru umfram eignir í árslok (-2,9% í árslok 2019). Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð út af tryggingastærðfræðingi sem er óháður sjóðnum.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á sértækum lífslíkum
- Mat á sértækum örorkulíkum
- Sértækir útreikningar

Vegna þess hve flóknir útreikningarnir eru og vegna stærðar og mikilvægi fyrir sjóðinn, teljum við mat á lífeyrisskuldbindingu vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

Viðbrögð endurskoðanda

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði, með aðstoð innri tryggingastærðfræðings EY eftir atvikum:

- Mátum óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings.
- Ferli við útreikninga var yfirfarið.
- Framkvæmdir voru greiningar á sértækum lífs- og örorkulíkum sem notaðar eru við útreikning við staðlaðar lífs- og örorkulíkur gefnar út af Félagi Íslenskra Tryggingastærðfræðinga.
- Framkvæmdir voru aðgerðir með úrtökum til að sannreyna inntaksgögn og útreikninga.
- Framkvæmdir voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum.
- Yfirfarnar voru næmnigreiningar með því að skoða áhrif breytinga á lykilforsendum í líkaninu.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar yfirlit um tryggingafræðilega stöðu ásamt skýringum 14 og 17.1.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi sjóðsins og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Við greinum og metum hættunna á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 14. apríl 2021

Geir Steindórsson
Löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

	Skýr.	2020	2019
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		9.149.187	8.373.416
Iðgjöld launagreiðenda		26.329.190	24.140.119
Réttindaflutningar og endurgreiðslur		(11.102)	1.424
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði		316.438	290.090
		<u>35.783.714</u>	<u>32.805.049</u>
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	3.1	10.828.947	8.991.218
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	3.2	234.820	219.636
		<u>11.063.767</u>	<u>9.210.854</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	4.1	83.060.825	69.529.211
Hreinar tekjur af skuldabréfum	4.2	26.157.744	30.080.607
Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé		(317.280)	330.350
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		2.528	4.302
Fjárfestingargjöld	5	(511.706)	(382.795)
		<u>108.392.111</u>	<u>99.561.676</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	831.490	728.353
Önnur gjöld		0	3.719
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		132.280.568	122.423.799
Hrein eign frá fyrra ári		<u>729.490.704</u>	<u>607.066.905</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>861.771.272</u>	<u>729.490.704</u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2020	2019
Eignir			
Fjárfestingar	9,15		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	7	437.484.801	323.889.788
Skuldabréf	8	390.586.830	385.478.872
		<u>828.071.631</u>	<u>709.368.659</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendum		2.684.641	2.367.830
Aðrar kröfur	10	184.364	123.842
		<u>2.869.006</u>	<u>2.491.672</u>
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	422.263	429.189
Handbært fé		31.020.021	17.791.448
		<u>31.020.021</u>	<u>17.791.448</u>
Eignir samtals		<u>862.382.920</u>	<u>730.080.969</u>
Skuldir			
Áfallin lífeyrisskuldbinding	12	131.649	117.602
Aðrar skuldir	13	479.999	472.663
Skuldir samtals		<u>611.648</u>	<u>590.265</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>861.771.272</u>	<u>729.490.704</u>
Skuldbindingar utan efnahags	15		
Áhættuþættir í starfsemi, áhættustýring og áhættustefna	17		
Kennitölur	18		

Sjóðstreymi

	2020	2019
Inngreiðslur		
Iðgjöld	35.403.370	32.772.568
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	94.832	261.498
Aðrar inngreiðslur	72.960	110.783
	<u>35.571.162</u>	<u>33.144.849</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	11.028.300	9.151.294
Rekstrarkostnaður	766.954	710.080
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8.373	0
Aðrar útgreiðslur	219.185	126.584
	<u>12.022.811</u>	<u>9.987.957</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	<u>23.548.351</u>	<u>23.156.891</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	1.350.565	1.962.348
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(121.294.615)	(75.838.452)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	89.353.093	48.745.767
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	68.198.671	43.918.128
Keypt skuldabréf	(64.997.241)	(57.304.326)
Seld skuldabréf	17.479.333	17.928.776
	<u>(9.910.194)</u>	<u>(20.587.760)</u>
Breyting á handbæru fé	13.638.157	2.569.132
Gengismunur af handbæru fé	(409.584)	73.155
Handbært fé í upphafi árs	17.791.448	15.149.161
Handbært fé í lok árs	<u>31.020.021</u>	<u>17.791.448</u>

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu

Eignir	Skýr.	2020		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris		861.771.272		861.771.272
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		(31.419.325)	0	(31.419.325)
Mismunur á bókfærðu verði og matsverði skráðra hlutabréfa		(14.728.258)	0	(14.728.258)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar		(9.540.975)	0	(9.540.975)
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar		(7.324.871)	(11.102.898)	(18.427.769)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	425.171.055	425.171.055
Eignir samtals		<u>798.757.844</u>	<u>414.068.157</u>	<u>1.212.826.000</u>

Skuldbindingar

Eftirlaun		591.852.454	507.772.348	1.099.624.801
Örorkulífeyrir		44.093.233	39.230.975	83.324.208
Makalífeyrir		15.135.029	13.443.137	28.578.165
Barnalífeyrir		873.061	2.601.509	3.474.570
Skuldbindingar samtals		<u>651.953.777</u>	<u>563.047.969</u>	<u>1.215.001.745</u>

Eignir umfram skuldbindingar	14	<u>146.804.067</u>	<u>(148.979.812)</u>	<u>(2.175.745)</u>
------------------------------------	----	--------------------	----------------------	--------------------

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		22,5%	-26,5%	-0,2%
--	--	-------	--------	-------

Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		19,1%	-27,3%	-2,9%
---	--	-------	--------	-------

Eignir	Skýr.	2019		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris		729.490.704	0	729.490.704
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		(22.307.219)	0	(22.307.219)
Mismunur á bókfærðu verði og matsverði skráðra hlutabréfa		(7.263.215)	0	(7.263.215)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar		(6.236.845)	0	(6.236.845)
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar		(6.051.251)	(9.538.630)	(15.589.881)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	388.923.415	388.923.415
Eignir samtals		<u>687.632.173</u>	<u>379.384.785</u>	<u>1.067.016.958</u>

Skuldbindingar

Eftirlaun		524.347.755	471.008.539	995.356.294
Örorkulífeyrir		39.041.673	35.695.137	74.736.810
Makalífeyrir		13.424.424	12.443.419	25.867.843
Barnalífeyrir		759.728	2.362.852	3.122.580
Skuldbindingar samtals		<u>577.573.580</u>	<u>521.509.947</u>	<u>1.099.083.527</u>

Eignir umfram skuldbindingar	14	<u>110.058.593</u>	<u>(142.125.162)</u>	<u>(32.066.570)</u>
------------------------------------	----	--------------------	----------------------	---------------------

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		19,1%	-27,3%	-2,9%
--	--	-------	--------	-------

Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		23,0%	-27,2%	-2,3%
---	--	-------	--------	-------

1. Almennar upplýsingar um sjóðinn

A-deild LSR tók til starfa árið 1997 og starfar hún á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.

2.2 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

2.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á ársreikning lífeyrissjóðsins:

- i) Stigskipting gangvirðis, sjá skýringu 16.2.
- ii) Tryggingafræðileg staða, sjá skýringu 14.

2.4 Iðgjöld og réttindi

Við mat á óinnheimtum iðgjöldum í árslok er m.a. stuðst við upplýsingar um iðgjaldaskil sem hafa átt sér stað eftir lok reikningsársins. Áætluð óinnheimt iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur.

Iðgjald til sjóðsins er 15,5% af heildarlaunum þar sem sjóðfélagi greiðir 4% iðgjald og launagreiðandi 11,5%. Ávinnsla réttinda er aldurstengd en meirihluti sjóðfélaga á þó rétt á jafnri ávinnslu skv. eldra fyrirkomulagi, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Réttur til töku eftirlauna er ekki háður starfslokum heldur er þar almenn heimild til að hefja töku lífeyris milli 60 og 80 ára aldurs. Viðmiðunaráldur eftirlaunatöku er 65 ár hjá þeim sem eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu en 67 ár hjá þeim sem eru í aldurstengdri réttindaávinnslu. Þá er heimilt að taka hálfan lífeyri frá 60 ára til 80 ára aldurs.

2.5 Iðgjald til starfsendurhæfingar

Hlutverk VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

A-deild annast innheimtu á iðgjaldi frá launagreiðendum sem er skilað mánaðarlega til VIRK í samræmi við 5. gr. laga nr. 60/2012 um Atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Þá greiðir A-deild jafnframt sérstakt iðgjald til VIRK sem dregið er af iðgjaldatekjum sjóðsins en það nemur sömu upphæð og innheimt er af launagreiðendum í samræmi við 6. gr. framangreindra laga. Fjárhæðin er færð til gjalda undir líffeyri, sjá nánar í skýringu 3.2.

A-deild fær greidda þóknun vegna innheimtu og umsýslu fyrir VIRK. Þóknunin kemur til lækkunar á ýmsum öðrum skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, sjá skýringu 6.

Greiðslur til VIRK skiptast þannig:	2020	2019
Innheimt iðgjald af launagreiðendum	223.855	206.949
Kostnaður A-deildar vegna starfsendurhæfingar	223.855	206.949
Þóknun vegna innheimtu og umsýslu fyrir VIRK	(5.596)	(5.174)
Samtals greitt til VIRK vegna starfsendurhæfingar	442.113	408.723

2.6 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í yfirliti um breytingu á hreinni eign sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en þeirra sem greint er frá í skýringu 5 um fjárfestingargjöld.

Undir þennan lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og sölutap sem og breytingar á gangvirði.

Arður er tekjufærður þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félagi liggur fyrir. Í skýringu 4.1 má sjá breytingar á gangvirði 20 stærstu fjárfestinga sjóðsins í félögum og sjóðum.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en þeirra sem greint er frá í skýringu 5 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökugjöld af sjóðfélagalánum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna þeirrar tapsáhættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

c) Fjárfestingargjöld

Hér eru færð fjárfestingargjöld og þóknanir til fjármálafyrirtækja, verðbréfasjóða og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum sjóðsins. Í skýringu 5 er greint frá áætluðum og reiknuðum fjárfestingargjöldum vegna fjárfestinga sjóðsins í innlendum og erlendum verðbréfasjóðum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

2.7 Rekstrarkostnaður

Allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lífeyrissjóðsins fellur undir rekstrarkostnað, þ.m.t. launakostnaður starfsmanna sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til. Sjá nánar í skýringu 6.

2.8 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum, bundnum bankainistæðum, fjárfestingum í íbúðarhúsnæði og öðrum fjárfestingum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldið er til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem sjóðurinn tilgreinir að haldið verði til gjalddaga, eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og aðferð virkra vaxta.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í árslok en gangvirði annarra fjárfestinga (óskráðra) í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu 16. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Í skýringu 8 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánnum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga í árslok.

2.9 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og fært á afskriftarreikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Afskriftin er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Skýringar

2.10 Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði og greinast þannig:

- i) Fasteign 1,5%
- ii) Innréttingar og skrifstofutæki 10-15%

2.11 Handbært fé

Handbært fé er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnistæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

2.12 Umreikningur í íslenskar krónur

Eignir í erlendri mynt eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við opinbert miðgengi Seðlabanka Íslands í árslok.

3. Lífeyrir

3.1 Greiddur lífeyrir skiptist þannig:

	2020	2019
Eftirlaun	7.514.825	6.113.428
Örorkulífeyrir	2.881.695	2.501.722
Makalífeyrir	249.492	209.328
Barnalífeyrir	182.936	166.741
	<u>10.828.947</u>	<u>8.991.218</u>

3.2 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris:

	2020	2019
Kostnaður vegna starfsendurhæfingar	223.855	206.949
Kostnaður vegna örorkumats og tekjueftirlits	10.965	12.688
	<u>234.820</u>	<u>219.636</u>

4. Hreinar fjárfestingartekjur

4.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í innlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31.12.2020	Arður	Gangvirðis- breyting	Hreinar tekjur samtals 2020	Hreinar tekjur samtals 2019
Marel hf.	22.046.270	264.319	4.953.733	5.218.052	7.999.739
Össur hf.	16.149.342	50.244	1.096.519	1.146.763	6.706.092
Brim hf.	12.813.075	221.250	2.696.238	2.917.488	1.329.177
Arion banki hf.	7.362.500	0	1.182.043	1.182.043	554.179
Hagar hf.	6.920.665	0	1.971.864	1.971.864	(174.995)
Aðrar eignir	56.836.724	592.804	8.447.351	9.040.155	2.101.230
	<u>122.128.576</u>	<u>1.128.618</u>	<u>20.347.748</u>	<u>21.476.366</u>	<u>18.515.422</u>

Hreinar tekjur af eignarhlutum í erlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31.12.2020	Áhrif gjaldmiðils	Gangvirðis- breyting	Hreinar tekjur samtals 2020	Hreinar tekjur samtals 2019
Vanguard Global Stock Index	31.060.452	1.348.150	4.263.864	5.612.014	5.403.139
SSgA World Index Fund	29.187.245	1.209.600	3.802.743	5.012.343	4.543.260
MFS FCP Global Equity	27.644.864	817.048	3.528.254	4.345.302	5.437.106
Schroder Global Active Value	22.098.395	672.503	3.889.690	4.562.193	3.495.784
Wellington Global Quality Growth	18.664.999	467.207	4.612.009	5.079.216	2.544.541
Morgan Stanley AEA Global C. Portfolio	17.457.444	509.812	3.101.949	3.611.761	2.938.218
JP Morgan Emerging Markets Equity	13.932.733	(40.615)	2.468.509	2.427.894	1.893.473
Storebrand Global Indeks	11.947.810	1.269.495	510.592	1.780.087	2.119.746
GuardCap Global Equity Fund	11.843.611	321.144	4.122.281	4.443.425	1.565.043
Jupiter European Growth	11.374.306	488.753	1.659.570	2.148.323	572.488
Schroder Global Core	11.219.496	477.865	1.721.187	2.199.052	2.030.213
T. Rowe Price US Large Growth	9.599.680	(14.711)	1.775.492	1.760.781	1.330.309
Seilern World Growth	8.894.208	565.773	2.881.094	3.446.867	1.899.898
Morgan Stanley Global Opport. Fund	8.452.002	90.084	1.594.913	1.684.997	518.505
Montanaro European Smaller C. fund	7.872.266	(671.200)	1.511.766	840.566	0
Aðrar eignir	74.106.714	6.575.028	6.054.612	12.629.640	14.722.067
	<u>315.356.226</u>	<u>14.085.935</u>	<u>47.498.524</u>	<u>61.584.459</u>	<u>51.013.789</u>

Samtals hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum 83.060.825 69.529.211

4.2 Hreinar tekjur af skuldabréfum sundurliðast þannig:

Skuldabréf haldið til gjalddaga	Vaxtatekjur og	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2020	Samtals 2019
	verðbætur				
Ríkistryggð skuldabréf	7.258.687	63.224	0	7.321.912	6.871.892
Skuldabréf sveitarfélaga	455.310	0	0	455.310	1.486.359
Skuldabréf lánastofnana	45.463	0	3.773	49.237	413.021
Skuldabréf fyrirtækja	2.057.723	0	0	2.057.723	1.767.931
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	6.654.378	0	92.738	6.747.116	5.636.822
	<u>16.471.561</u>	<u>63.224</u>	<u>96.511</u>	<u>16.631.296</u>	<u>16.176.024</u>

Skuldabréf færð á gangvirði	Gangvirðis- breyting	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2020	Samtals 2019
Skuldabréf sveitarfélaga	822.315	0	0	822.315	957.739
Skuldabréf lánastofnana	2.511.643	0	0	2.511.643	1.556.392
Skuldabréf fyrirtækja	2.434.438	0	0	2.434.438	1.855.331
	<u>9.526.447</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>9.526.447</u>	<u>13.904.583</u>

